

Alþingi  
Erindi nr. P 139/16  
komudagur 15.10.2010



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Fjárlaganefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Rauðarárstígur 25, 150 Reykjavík  
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373  
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 13. október 2010  
UTN10090059/34.K.001  
EG/hk

Alþingi samþykkti 16. júlí 2009 þingsályktunartillögu þar sem ríkisstjórninni var falið að sækja um aðild að Evrópusambandinu.

Í álitni meirihluta utanríkismálanefndar, sem er grundvöllur framangreindrar samþykktar Alþingis, kemur m.a. fram mikilvægi upplýsingamiðlunar í samningaferlinu. Í álitinu er svo og lagt til að fjármunir verði til ráðstöfunar þannig að félagasamtök sem málið varðar geti með beinum hætti tekið þátt í opinberri umræðu og miðlun upplýsinga um málið.

Í þeim fjárveitingum sem utanríkisráðuneytinu hafa verið ætlaðar sérstaklega vegna málsins hefur ekki verið gert ráð fyrir fjárhagslegum stuðningi af þessu tagi, enda ekki við það miðað í nefndarálitinu að ráðuneytið hafi forgöngu um þann þátt upplýsingamiðlunar sem hér um ræðir. Er áherslan lögð á að upplýsingamiðlun sé hlutlæg og rekin af óháðum aðilum.

Ráðuneytinu hafa borist tvær beiðnir um fjárhagslegan stuðning frá félögum og félagasamtökum; Heimssýn og Evrópusamtökunum.

Með hliðsjón af framangreindu telur ráðuneytið rétt að framsenda þessar beiðnir til fjárlaganefndar til meðferðar.

Tekið skal fram að Evrópusamtökin hafa komið því á framfæri við ráðuneytið að svo skuli litið á að erindi þeirra varði stuðning við samtökin Sterkara Ísland.

F. r.

Afrit: Utanríkismálanefnd

(sign.)  
**Einar Gunnarsson**



Fw: Heimssýn ráðstefna í haust - beiðni um fjárstuðning  
Málsnúmer: UTN10090059  
Númer skjals: #40429#  
Búið til: 07.09.2010  
Eigandi skjals: Hafrún Ösp Stefánsdóttir

t-póstur  
Efni: Fw: Heimssýn ráðstefna í haust - beiðni um fjárstuðning  
Bréfalyklar: 34.K.001 Styrkir almennt  
Tilkynningar:  
Efnisflokkur skjals:  
Dagsetning skjals: 07.09.2010

Móttakandi

Utanríkisráðuneytið  
Martin Eyjólfsson  
Sviðsstjóri / Sendifulltrúi  
Rauðarárstíg 25  
150 Reykjavík  
Sími: 545-9922 / IP 9922

Texti:

Frá: Hafrún Ösp Stefánsdóttir/UTN/NotesSTJR  
Dags: 07.09.2010 14:11:39  
Til: Hafrún Ösp Stefánsdóttir/UTN/NotesSTJR@NotesSTJR  
Efni: Fw: Heimssýn ráðstefna í haust - beiðni um fjárstuðning

Páll Vilhjálmsson  
<pallvilh@gmail.com>  
06.09.2010 12:40

To martin.eyjolfsson@utn.stjr.is  
cc

Subject Heimssýn ráðstefna í haust - beiðni um fjárstuðning

Sæll Martin

Heimssýn, hreyfing sjálfsstæðisinnna í Evrópumálum, hyggst efna til ráðstefnu í haust um afstöðu þjóða við NV-Atlantshaf til Evrópusambandsins.

Erlendir fyrirlesarar verða fengnir til að halda erindi um málefnið.

Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 1,9 m.kr

Hér með er farið fram á að utanríkisráðuneytið styrki ráðstefnuna um 950 þús. kr.

bestu kveðjur  
páll vilhjálmsson  
framkvæmdastjóri Heimssýnar

Reykjavík 6.05.2010



**Útanríkisráðuneytið**  
**Össur Skarphéðinsson ráðherra**  
**Rauðarárstíg**  
**150 Reykjavík**


Í tilefni af upphafi aðildarviðræðna Íslands að ESB, hefur það komið fram að veitt verði fé úr ríkissjóði til kynningar á Evrópusambandinu og þýðingu aðildar Íslands að því. Meðal annars verði samtökum áhugamanna sem ýmist vilja aðild eða eru henni andvígir veitt fé til að standa straum af kostnaði við kynningarstarf sitt.

Evrópusamtökin hafa að undanfögnu staðið fyrir fundum víðs vegar um land til kynningar á kostum aðildar Íslands að ESB og fyrirhuga þau stóreflingu þess starfs. Yrði starfið í formi fundahalda og útgáfustarfsemi og m.a. beina kynningarstarfinu að ýmsum hagsmunahópum, sem aðild myndi snerta sérstaklega,

Í tilefni af áætlunargerð um starfsemina, er þess hérmeð farið að leit, að ráðuneytið upplýsi samtökin um þann stuðning sem vænta má frá því skv. framansögðu.

Með kveðjum

f.h. Evrópusamtakanna

  
Andrés Pétursson, formaður  
Lækjasmára 90  
201 Kópavogur  
[evropa@evropa.is](mailto:evropa@evropa.is)  
<http://www.evropa.is>  
S: 699 2522

